

VARK könnun (Version 7.0)

Translated into Icelandic by Elín Vilhelmsdóttir og Elísabet Gunnarsdóttir.

Hvernig lærir þú best?

Veldu þann svarmöguleika sem á best við um þig og dragðu hring um viðeigandi bókstaf. Dragðu hring um fleiri en einn bókstaf, ef þér finnst að fleiri svarmöguleikar eigi við þig, en slepptu spurningum sem þér finnst ekki eiga við.

1. Þú ætlar að aðstoða mann sem þarf að fara út á flugvöll / niður í miðbæ. Þú:
 - a. ferð með honum.
 - b. segir honum (munnlega) til vegar.
 - c. skrifar leiðbeiningar á blað (teiknar ekki kort).
 - d. teiknar eða útvegar honum kort.
2. Þú ert ekki viss um hvort stafa eigi orð 'hvalur' eða 'kvalur'. Þú
 - a. reynir að "sjá" orðið í huganum og velja þannig.
 - b. segir orðið í huga þér og velur eftir því hvað hljómar rétt.
 - c. flettir því upp í orðabók.
 - d. skrifar bæði orðin og velur annað.
3. Þú ert að skipuleggja ferðalag fyrir hóp fólks. Þig langar að vita hvernig þeim líftist á það sem þú ert búin(n) að gera, svo þú
 - a. lýsir fyrir þeim nokkrum aðalatriðum.
 - b. notar landakort eða vefsíðu til að sýna þeim þá staði sem þú hefur í huga.
 - c. prentar áætlunina út og lætur þau öll fá eintak.
 - d. hringir, sendir SMS eða tölvupóst.
4. Þú ætlar að elda eitthvað gott handa fjölskyldunni. Þú
 - a. eldar eitthvað sem þú kannt og þarft ekki að nota við uppskrift.
 - b. biður einhvern sem þú þekkir um góð ráð.
 - c. skoðar myndirnar í matreiðslubók til að fá góða hugmynd.
 - d. notar matreiðslubók með uppskriftum sem þú veist að má treysta.
5. Þér hefur verið falið að sjá um hóp erlendra ferðamanna sem vilja kynna sér þjóðgarða og dýralíf á Íslandi. Þú:
 - a. segir þeim eða færð einhvern annan til að segja þeim frá þjóðgördum og dýralífi.
 - b. sýnir þeim myndir á netinu, ljósmyndir og ljósmyndabækur.
 - c. ferð með þá í gönguferð um þjóðgarð.
 - d. lætur þá fá bæklinga eða bækur um þjóðgarða og dýralíf.
6. Þú ætlar að kaupa þér myndavél / farsíma. Hvað annað en verðið hefði helst áhrif á val þitt?
 - a. Þú færð að prufa vélina / símann.
 - b. Nákvæmar upplýsingar í bæklingi.
 - c. Flott og nútímaleg hönnun.
 - d. Sölumaðurinn gefur þér greinargóðar upplýsingar.
7. Rifjaðu upp fyrir þér þegar þú lærðir að gera eitthvað nýtt. Ekki velja það sem krefst líkamlegrar færni, t.d. að hjóla. Þér fannst best að læra með því að
 - a. horfa á sýnikennslu.
 - b. hlusta á útskýringar og spyrja spurninga.
 - c. nota línurit, kort, myndir – eitthvað sjónrænt.
 - d. fara eftir skriflegum leiðbeiningum, t.d. handbók eða kennslubók.

8. Það er eitthvað að þér í hnénu. Þú ferð til læknis og vildir helst að hann
- benti þér á vefsíðu þar sem þú gætir lesið þér til um þetta.
 - notaði líkan af hnénu til að sýna þér hvað sé að því.
 - lýsti fyrir þér hvað sé að þér.
 - sýndi þér skýringarmynd af því sem er að þér.
9. Þú ætlar að læra á nýtt tölvuforrit eða tölvuleik. Þú
- lest leiðbeiningarnar sem fylgja forritinu / leiknum.
 - talar við fólk sem kann á forritið / leikinn.
 - prufar þig áfram með því að nota takka og töl tölvunnar.
 - ferð eftir skýringarmyndunum í handbókinni.
10. Þú kannt best við vefsíður sem:
- eru með alls konar tökkum sem hægt er að smella á og þreifa sig þannig áfram.
 - eru skemmtilega hannaðar og líta vel út.
 - byggjast á skemmtilegum (skriflegum) lýsingum og útskýringum.
 - hægt er að nota til að hlusta á tónlist, útvarpsþætti og viðtöl.
11. Fyrir utan verðið, hvað réði mestu um hvort þú keyptir bók sem ekki er skáldverk?
- Hún lítur út fyrir að vera skemmtileg, kápan er spennandi.
 - Þú lest smákafli.
 - Vinur þinn / vinkona mælir með henni.
 - Hún fjallar um raunverulegt fólk og reynslu þess.
12. Þú ert með bók, tölvudisk eða vefsíðu til þess að læra á myndavél sem þú hefur nýlega fengið. Þú vildir helst
- fá tækifæri til að spyrja spurninga og tala um hvernig hún virkar.
 - fá skýrar skriflegar leiðbeiningar þar sem nákvæmlega er lýst hvernig nota á vélina.
 - nota skýringarmyndir af myndavélinni sem sýna hvernig á að nota hana.
 - fá ljósmyndir, bæði góðar og slæmar, með leiðbeiningum um hvernig hægt sé að bæta þær.
13. Við hvernig kennara / fyrirlesara kanntu best? Þann sem notar
- sýnikennslu, tilraunir, verklegar æfingar.
 - spurningar og svör, samræður í hópum, gestafyrirlesara, talar sjálfur.
 - bækur, texta, dreifir blöðum sem nemendur geta lesið og notað.
 - línurit, skýringamyndir, stöplarit, hugkort, flæðirit.
14. Þú hefur nýlega tekið próf eða tekið þátt í keppni. Þig langar að fara yfir árangurinn með því að
- skoða dæmi sem sýna árangurinn.
 - fá skriflega lýsingu á því hvernig þér gekk.
 - ræða við einhvern um árangurinn.
 - nota línurit sem sýna hvernig þér gekk.
15. Þú ætlar að velja þér mat á veitinga- eða kaffihúsi. Þú
- velur eitthvað sem þú hefur smakkað þarna áður.
 - hlustar hverju þjónninn mælir með eða spyrð þá sem eru með þér.
 - velur eitthvað af því sem er á matseðlinum.
 - athugar hvað aðrir eru að borða eða myndir ef þær eru í matseðlinum.
16. Þú þarft að halda mikilvæga ræðu á ráðstefnu eða við eitthvert sérstakt tækifæri. Þú
- notar línurit eða aðrar skýringarmyndir við útskýringar.
 - skrifar niður punkta og æfir ræðuna hvað eftir annað.
 - skrifar ræðuna niður og lærir hana með því að lesa hana nokkrum sinnum.
 - safnar ýmsum dæmum og sögum til að gera ræðuna raunverulega og raunhæfa.

The VARK Questionnaire Scoring Chart

Use the following scoring chart to find the VARK category that each of your answers corresponds to. Circle the letters that correspond to your answers

e.g. If you answered b and c for question 3, circle V and R in the question 3 row.

| Question | a category | b category | c category | d category |
|----------|------------|------------|------------|------------|
| 3 | K | V | R | A |

Scoring Chart

| Question | a category | b category | c category | d category |
|----------|------------|------------|------------|------------|
| 1 | K | A | R | V |
| 2 | V | A | R | K |
| 3 | K | V | R | A |
| 4 | K | A | V | R |
| 5 | A | V | K | R |
| 6 | K | R | V | A |
| 7 | K | A | V | R |
| 8 | R | K | A | V |
| 9 | R | A | K | V |
| 10 | K | V | R | A |
| 11 | V | R | A | K |
| 12 | A | R | V | K |
| 13 | K | A | R | V |
| 14 | K | R | A | V |
| 15 | K | A | R | V |
| 16 | V | A | R | K |

Calculating your scores

Count the number of each of the VARK letters you have circled to get your score for each VARK category.

| | |
|--------------------------------------|----------------------|
| Total number of V s circled = | <input type="text"/> |
| Total number of A s circled = | <input type="text"/> |
| Total number of R s circled = | <input type="text"/> |
| Total number of K s circled = | <input type="text"/> |

Calculating your preferences

Use the VARK spreadsheet (which can be purchased from the www.vark-learn.com web site) to work out your VARK learning preferences.